

Komið þið sæl.

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar.

Meginástæður eru þær að ég tel eðlilegra að fjármögnun sé af sameiginlegum sjóðum, þ.v.s. í gegnum skattkerfið, þannig að þeir sem þurfa vinnu sinnar vegna eða til að sækja opinbera þjónustu (svo eitthvað sé nefnt), komi ekki til með að þurfa að greiða háar fjárhæðir í veltolla.

Þá sé ég ekkert að því að taka lán á hagstæðum kjörum til að fjármagna verkið og flýta framkvæmdinni. Hins vegar verði langtímafjármögnun framkvæmd með hærri skattlagningu þeirra sem hæstar hafa tekjurnar (fyrirtækja og einstaklinga) – ekki síst með hækkun veiðigjalda á ný og auknum fjármagnstekjusköttum á þá sem hafa miklar vergar fjármagnstekjur (yfir 25 milljónir á ári)

Undirritað:

Jón Gunnar Borgþórsson,
Úthlíð 13,
105 - Reykjavík